

## **Bíbí og blaka**

Í nágrenni Hamra er að finna fjölskrúðugt dýralíf og er sérstaklega mikið um alls kyns fugla. Sé göngustíg frá Hömrum um Naustaborgir fylgt til norðurs má finna lítið fuglaskoðunarhús þaðan sem hægt er að fylgjast með fuglum í sínu náttúrulega umhverfi án þess að raska ró þeirra. Leiðin er auðrötuð og að nánast öllu leiti á göngustíg. Þessi gönguleið hentar öllum aldursbilum.

## **Hæ Gamli (pokinn góði)**

Frá Hömrum liggur stikuð gönguleið að Gamla, einum af skátaskálum Skátafélagsins Klakks. Leiðin liggur upp fyrir hamrabeltin sem gnæfa yfir útilífsmiðstöðinni, en þaðan er gott útsýni yfir mótssvæðið og tilvalið að reyna að finna tjaldið sitt innan um öll hin. Leiðin liggur áfram í gegn um þéttan greniskóginn þar fyrir ofan sem sprottið hefur á miklum hraða undanfarin ár. Þegar komið er í Gamla er hægt að virða fyrir sér stóran hluta Akureyrar og útsýnið út Eyjafjörðinn er stórfenglegt. Þessi gönguleið hentar öllum aldursbilum.

## **Því upp í Fálkafelli, er allra meina bót.**

Skátaskálinn Fálkafell hefur verið til í einhverri mynd nánast eins lengi og elstu menn muna. Þar hafa skátar á Akureyri um árabil lært allt sem vert er að vita um reykjarlykt, blauta vettlinga, brunnin hafragraut og hrotur skátasystkina. Gönguleiðin frá Hömrum upp í Fálkafell liggur í upphafi eftir göngustíg um Naustaborgir. Þegar norðar dregur má finna slóða sem liggur upp í móti og skilar okkur að lokum inn á grófan akstursslóða sem liggur að Fálkafelli. Í Fálkafelli getur flokkurinn gist. Morguninn eftir er hægt að fylgja merktri gönguleið yfir í skátaskálann Gamla sem heitir svo eftir Tryggva Þorsteinssyni. Frá Gamla liggur leiðin niður í átt að mótssvæðinu eftir stikaðri gönguleið.

ATH. Foringjar þurfa að gefa leyfi fyrir gistingu

## **Einn logar sólin á Súlnatindi**

Súlur gnæfa yfir Akureyri og setja mikin svip á bæinn. Frá Hömrum liggur stikuð gönguleið yfir Súlumýrar og alla leið upp á topp. Leiðin er talsvert brött á köflum og getur verið kerfjandi en útsýnið á toppnum er algjörlega þess virði, Eyjafjörðurinn blasir við og drottning íslenskra fjalla Herðubreið er sjáanleg í fjarska. Gönguleiðin hentar dróttskátum og eldri.

10:00 – 19:00

## **Hamrar-Kristnes**

Kristnes er landnámsjörð í Eyjafirði, þar nam Helgi magri land fyrstur Eyfirðinga. Þar stendur núna gamalt berklahæli sem í dag þjónar sem endurhæfingamiðstöð. Á Kristnesi er einnig safn um berklahælið. Skátarnir ganga á malbikuðum göngustíg frá Hömrum og suður að Kristnesi. Á leiðinni er nánast engin hækkun, og er á allra færi að ganga þessa leið, heildarlengd, um 18 km.

## **Á brúninni**

Fyrir ofan Hamra eru mikilfenglegir hamrar. Þrjár stærstu heita, talið frá norðri, Krossklettur, Arnarklettur og Lönguklettur. Gengið er frá Hömrum norður trimmbrautina, þaðan beygt upp stíg sem liggur áleiðis að Gamla. Eftir stutt stopp í Gamla er hjólabrautin þrædd til suðurs meðfram Lönguklettum og niður í Hvammskóg, og þaðan til baka á Hamra.